

Inngangur

Sjálfsmat í grunnskólum er nýmæli í íslensku skólasterfi. Öllum grunnskólum er nú skylt að vinna að sjálfsmati og halda utan um það. Tilgangur sjálfsmatsins er að auðvelda starfsfólki að vinna að framgangi markmiða skóla, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða og stuðla að umbótum. Auk þess að gera í tengslum við skólanámskrá og sjálfsmat, starfs og þróunaráætlun þar sem fram kemur hvernig brugðist er við niðurstöðum verkefnum er forgangsraðað og áætlun um verklag (Helga M. Steinsson, 14. nóv. 2002).

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskólans á Stöðvarfirði fyrir skólaárið 2004-2005 er að líta dagsins ljós í fyrsta sinn. Áætlað var að undirritaðar tækju fyrir þáttinn *Einkenni stofnunarinnar og staða í samfélaginu* en vegna verkfalls náðist einungis að vinna fyrri hlutann og verður *staða í samfélaginu* vísað til næsta árs.

Hér á eftir fara helstu niðurstöður vinnuhópsins og tillögur til úrbóta. Skýrslan verður lögð fyrir sveitarstjórn og fræðslunefnd og væntanlega birt á heimasíðu grunnskólans.

Stöðvarfirði 31. maí 2005

Guðrún Ármannsdóttir
Linda Hugdís Guðmundsdóttir
Solveig Friðriksdóttir

1. Einkenni stofnunarinnar

1.1. Stjórnskipulag og ákvarðanaferli

Stjórnskipulag

Rekstaraðili Grunnskólans á Stöðvarfirði er sveitarfélagið Austurbyggð. Í Austurbyggð eru reknir tveir grunnskólar, á Stöðvarfirði og Búðum í Fáskrúðsfirði. Skólastjórar eru við hvorn skóla fyrir sig.

Í fyrstu grein erindisbréfs skólanefnda segir:

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd, sbr. 11. gr. og 12. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Skólanefnd fer með málefni grunnskólans í sínu skólahverfi samkvæmt lögum og reglugerðum um grunnskóla, sveitarstjórnarlögum og því sem sveitarstjórn felur henni að öðru leyti.

Sameiginlega fræðslunefnd er fyrir báða skólana sem fer með málefni þeirra. Hún er skipuð af sveitarstjórn. Í fræðslunefnd sitja sjö menn og sjö til vara.

Skólastjóri situr fund með nefndinni einu sinni í mánuði, veitir upplýsingar um skólastarfið og kemur á framfæri ýmsum málum er varða skólann. (sjá www.samband.is)

Ákvarðanaferli

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forystu.

Skólastjóri í samráði við skólanefnd sér um að skólastarf sé í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og gildandi aðalnámskrá hverju sinni.

Verksvið skólastjóra nær til faglegra hliða skólastarfsins og daglegrar umsýslu. Hann ber ábyrgð á stefnumörkun skólans og vinnur við hana eftir því sem honum er falið af sveitarstjórn eða kveðið er á í lögum og reglugerðum. (sjá erindisbréf skólastjóra www.samband.is)

Skólastjóri starfar innan fjárhagsramma hvers árs, bæði launa- og rekstrarkostnaður fellur innan þess ramma. Skólastjóri sér um ráðningu kennara í samráði við fræðslunefnd og annað starfsfólk í samráði við sveitarstjóra. Öll stærri mál sem varða daglegt starf skólans eru lögð fyrir kennarafund. Ákvarðanir um þau eru taka skólastjóri og kennarar í sameiningu þar sem engir millistjórnendur eru.

Skólastjóri þarf að hafa samskipti við eignasjóð Austurbyggðar varðandi rekstur skólahúsnaðisins. (Nánari upplýsingar um Eignasjóð Austurbyggðar er að finna á skrifstofu Austurbyggðar).

1.2. Gerð skóla

Ágrip af sögu skólans

Stöðvarfjörður var gerður að sérstöku sveitarfélagi árið 1905. Kennt var í svonefndum farskóla þar sem einn eða tveir kennarar sinntu kennslu ýmist í þorpinu eða á bæjunum yfir skólaárið. Haustið 1937 var tekið í notkun nýtt húsnaði sem að hluta til var byggt í þeim tilgangi að þar færi fram kennsla (Samkomuhúsið). Þá má segja að kennsla hafi verið komin í fast form og farkennsla heyrði sögunni til að mestu leyti. Það náðist líka festa á

mannahald við kennsluna og settur skólastjóri var Runólfur Einarsson, sem sinnti því frá 1937-1964. Anna Þorsteinsdóttir var skólastjóri veturinn 1964-1965.

Kennsla fór fram í Samkomuhúsinu samfelld frá árinu 1937 – 1965 þar til eldri hluti núverandi skólahúsnæðis var tekinn í notkun. Það haust tók Sólmundur Jónsson við skólastjórn og var allt til ársins 1989 þegar Jónas Eggert Ólafsson núverandi skólastjóri tók við stöðunni.

“Nýi skólinn” þótti hinn veglegasti, var 250m² að flatarmáli. Í honum voru 3 kennslustofur, kennarastofa, lítið bókaherbergi, baðklefi og búningsherbergi, allstór gangur, kyndiklefi og 4 snyrtiherbergi.

Þegar fór að bera á þrengslum í skólahúsnæðinu festi hreppurinn kaup á íbúðarhúsi (Bakkagerði, eldra húsið) þar sem kennsla 1. og 2. bekkjar fór fram á efri hæð en leikskólinn var starfræktur á neðri hæð.

Hafist var handa við nýbyggingu við skólahúsið árið 1983. Í fyrstu var neðri hæðin tekin í notkun en vígsla viðbyggingar fór fram á vorönn 1996.

Íþróttakennsla fór fram í Samkomuhúsinu allt frá 1937 til 1999 þar til íþróttahúsið var tekið í notkun. Einnig var kennt á gangi “nýja” skólans og á skólalóðinni.

Sundkennsla fór fram á Búðum frá 1945-1960 en eftir það voru börn send að Eiðum í sundkennslu á vorin. Sundlaug var tekin í notkun á Stöðvarfirði árið 1983.

Tónlistarkennsla var ekki í föstum skorðum fyrr en upp úr 1980. Tónlistarskóli Stöðvarfjarðar var stofnaður árið 1987 og starfræktur til ársins 2004, þegar hann var sameinaður við tónlistardeild Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar eftir sameiningu Stöðvar- og Búðahrepps. Skólinn heitir nú

Tónlistarskóli Austurbyggðar og er starfræktur á Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði. Skólastjóri veturinn 2004-2005 var Valdimar Másson.

Núverandi húsnæði

Stærð nýbyggingarinnar er um það bil 850 m² að flatarmáli á tveimur hæðum og eldri byggingin er 250 m² að flatarmáli. Grunnskólinn hefur þó ekki yfir að ráða öllum þessum fermetrum því Tónlistarskóli Austurbyggðar á Stöðvarfirði er með aðsetur sitt í eldri hlutanum, skólinn nýtir þó tvær kennslustofur þar fyrir myndmennt og handmennt. Í nýrri hlutanum eru 5 kennslustofur auk heimilisfræðistofu og lítils kennslueldhúss. Einnig er sérkennslurými, tölvuver, vinnuherbergi kennara, setustofa kennara, setustofa nemenda, fjölrými með leiksviði og salernisaðstaða fyrir kennara og nemendur. Bókasafn er á neðri hæð sem er sameiginlegt almennings- og skólasafn. Smíðaaðstaða er í sundlaugarkjallaranum. Fyrirhugaðar eru breytingar á skólasafni í kjallaranum og eldra rými skólans fyrir sér-, smíða-, tónlistar-, hand- og myndmenntakennslu.

Íþróttahús var tekið í notkun 2000 og er það steinsnar frá skólanum og sundlaug er í sérhúsnæði á skólalóðinni.

Skólasafn

Skólasafn hefur verið starfrækt frá 1990 á neðri hæð skólans og var sameinað almenningssafninu þetta sama ár. Safnið er opið 4.5 klst. á skólatíma en kennarar hafa aðgang að safninu á starfsstíma. Þar fer einnig fram safnakennsla hjá 1.-8. bekk. Fyrirhugað er að flytja safnið í stærra rými á neðri hæðinni.

Tölvuver

Tölvuver er staðsett á neðri hæð skólans. Í því eru 11 tölvur, misgamlar. Þar fer fram kennsla í upplýsingatækni. Breytingar verða á tölvuverinu þegar bókasafnið verður fært til og verður þá hluti af bókasafninu. Það eru fyrirhuguð kaup á nýjum tölvum á rekstrarleigu og þá koma einnig tölvur í hverja kennslustofu sem ekki hefur verið til þessa.

Í skólanum er þráðlaus nettenging, á FS-neti sem er háhraða tenging tveggja mb.

Raungreinastofa

Engin sér aðstaða er til raungreinakennslu en við breytingarnar á neðri hæð verður útbúin raungreinastofa í núverandi húsnæði bókasafnsins.

Umhverfi - skólavöllur

Grunnskólinn er staðstettur milli tveggja lítilla áa og afmarkast skólalóðin af þeim að utan og innan, að ofan af Skólabraut og að neðan af Fjarðarbraut u.þ.b. 3500 m², bílastæði eru austan við skólann. Á lóðinni standa skólamannvirkin og einnig er malbikaður skólavöllur.

Stöðugildi

Stöðugildi við skólann eru tæplega sjö. Veturinn 2004-2205 voru starfandi í skólanum skólastjóri, 7 kennarar auk tveggja stundakennara, og skólaliði í 100% starfi sem sá um ræstingar og frímínútnagæslu.

Nemendafjöldi

Veturinn 2004-2005 voru í skólanum 49 nemendur af fjórum þjóðernum, 39 strákar og 10 stúlkur. Síðastliðin ár hefur nemendafjöldi verið nokkuð stöðugur en ójafnvægi í kynjahlutfalli.

Starfstími

"Samkvæmt lögum nr. 66/1995 um grunnskóla með áorðnum breytingum skulu kennsludagar nemenda ekki vera færri en 170." Auk þess eru 10 dagar þar sem kennsla er ekki samkvæmt hefðbundinni stundaskrá t.d. litlu jól, öskudagur, íþróttadagar, jólaföndur, árshátíð, nemendaferðir, þorablót, grænir dagar o.fl.

Kennarar mæta til vinnu um miðjan ágúst en nemendur á bilinu 20. - 25. ágúst. Kennsla lýkur um mánaðamótin maí/júní, en skóla lýkur ekki formlega fyrr en um 10. júní. Sundkennsla er í námskeiðsformi í byrjun og lok hvers skólaárs. Í júní og ágúst ár hvert er kennurum skylt að sækja endurmenntunarnámskeið, auk ýmissa námskeiða á starfstíma skóla.

Skólanámskrá

Skólanámskrá er gerð á hverju hausti. Hún er tvíþætt, annars vegar í formi fréttabréfs sem fer á heimili nemenda þar sem fram koma upplýsingar um nemendur og starfsfólk, ráð og félög, reglur skólans, skóladagatal o.fl. (Sjá fréttabréf, fylgiskjal 1). Hins vegar er vefútgáfa með sömu upplýsingum og í fréttabréfinu auk upplýsinga um kennsluna, námsefni, markmiðssetningu og kennslutilhögun. Veturinn 2004-2005 var skólanámskrá ekki aðgengileg á netinu því vefurinn hefur legið niðri vegna þess að vantað hefur umsjónarmann með honum.

Foreldraráð

Við grunnskólann starfar foreldraráð. Í því sitja þrjú foreldrar í aðalstjórn sem ekki eru starfsmenn skólans og tveir til vara. Þeir eru kosnir af foreldrum til tveggja ára í senn. Foreldraráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og fræðslunefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgjast með að áætlanir séu kynntar foreldrum, svo og með framkvæmd þeirra. Skólastjóri starfar með foreldraráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum. (Skv. lögum um grunnskóla nr. 66/1995).

Heimanámsaðstoð

Undanfarin ár hefur 6.-10. bekk verið boðið upp á heimanámsaðstoð á föstudögum klukkustund í senn. Haustið 2004 var ákveðið að bjóða namendum í 3.-5. bekk upp á samskonar aðstoð á fimmtudögum. Í heimanámsaðstoð er einn kennari til aðstoðar.

Nýbúafræðsla

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla segir: *“Reglugerð nr. 391/1996 gefur öllum nemendum í grunnskólum, er hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi, rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Skólanefnd þess skóla, sem slíkur nemandi stundar nám í, skal sjá til þess að hann fái þá kennslu í íslensku sem skólastjóri og sérfræðiþjónusta skóla telur þörf á meðan hann stundar þar nám.”*

Nýbúafræðsla hefur verið við skólann frá árinu 1993. Síðustu ár hefur hlutfall nemenda af erlendu eða blönduðu þjóðerni aukist og þar af leiðandi vægi nýbúafræðslu. Með kennslu í íslensku, sem annað tungumál er stefnt að því að nemendur verði hæfir til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem

tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima og auðgi með því íslenskt mannlíf. Einnig hefur verið komið til móts við nemendur með því að útvega lestrarefni á þeirra móðurmáli.

Nemendaráð

Vinnur að félags-, hagsmuna-, og velferðarmálum nemenda.

Hefur ekki verið starfrækt við skólann síðustu ár.

Foreldrafélag

Í stjórn foreldrafélags Grunnskólans á Stöðvarfirði sitja fimm foreldrar. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra við skólann. Veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og aðstoða við félagsstörf skólans t.d. við árlegt þorrablót, ýmis ferðalög og skemmtanir á vegum skólans sem ekki eru í heimabyggð s.s. skíðaferðir, dansleikir, leikhúsferðir ofl.

(Lög foreldrafélagsins, sjá fréttabréf bls 6).

Árshátíð

Árshátíð Grunnskólans er haldin árlega, yfirleitt um miðja vorönn en fyrirhugað er að breyta því og halda hana framvegis í nóvember. Allir nemendur og kennarar taka þátt í undirbúningi og koma fram. Yfirleitt eru leiknir stuttir leikþættir en þó hefur verið sett upp stórt verk. Handverk og myndir nemenda eru einnig til sýnis svo og þemaverkefni. Þemadagar hafa verið haldnir annað til þriðja hvert ár og tengjast námsefni og viðburðum skólans t.d. þorrablóti eða árshátíð.

Brúum bilið

Brúum bilið er samstarfsverkefni milli Grunnskólans og leikskólans Balaborgar. Markmiðið er að undibúa elstu nemendur leikskólans fyrir væntanlega skólagöngu með heimsóknum í kennslustundir og á bókasafnið. Yngstu grunnskólanemendurnir heimsækja einnig leikskólann nokkrum sinnum yfir veturinn. Elstu nemendur leikskólans fá fimm daga í sundkennslu að vori. Þeim er einnig boðið á Litlu jóli Grunnskólans í desember. Dagskrá er sett fram að hausti og birt í Fréttabréfi skólans (Sjá fréttabréf, bls 11).

Menningar- og skoðunarferðir

Árlega fara eldri nemendur Grunnskólans á eina til tvær leiksýningar innan fjórðungs. Á haust- eða vordögum er farið í skoðunarferðir, lengri eða styttri. Yfirleitt er farið í fjallgöngu að hausti með nemendur skólans. Einnig hefur verið farið með elstu nemendur í sumarbústaðaferð. Á hverju vori fer skólastjóri með 10. bekkinga í heimsókn í framhaldsskóla fjórðungsins.

Skógrækt og stígagerð

Undanfarin ár hafa verið gróðursettar skógarplöntur úr Yrkjusjóði. Yngri nemendur fara með kennara að vori og reyta frá og bera áburð á unglöntur. Síðustu tvö ár hafa allir nemendur skólans og kennarar unnið einn skóladag að vori við lögn göngustígar í gegnum Nýgræðing að Hrafnakambi. Oft er þetta í lokin á skólaárinu og endað með grillveislu.

Ferðahópurinn

Annað hvert ár frá 1992 hafa 8.-9. bekkingar farið í ferðalag til útlanda. Tvö síðustu ár hefur ferðahópurinn farið með nemendum úr Grunnskólanum á

Breiðdalsvík. Nemendur safna fyrir ferðinni tvo vetur. Helsta fjármögnun er kaffisala á Jólamarkaði, bollusala á bolludaginn, ágóði af árshátíð Grunnskólans, söfnun á dósun og flöskum auk ýmissar sölu. Hópurinn safnar fyrir farareyri, greiðir fyrir einn fylgdarmann og fær einhvern vasapening. Fylgdarmaður er annað hvort kennari eða foreldri.

2. Tillögur að úrbótum

Við þessa vinnu komu upp eftirfarandi tillögur að úrbótum:

- a) Að Sveitarstjórn Austurbyggðar í samvinnu við fræðslunefnd Austurbyggðar sjái til þess að unnin sé *Skólastefna* fyrir sveitarfélagið til að auðvelda skólunum að marka sína stefnu. Falið sveitarstjórn.
- b) Talið mjög nauðsynlegt að fá ritara til starfa við skólann í hálfu starfi, í gagnaskránni símvörslu, auglýsingar ofl. Mikið álag er á skólastjóra og kennara við að sinna þessum þáttum og skapar oft ónæði. Það kemur niður á undirbúningsvinnu og kennslu kennara og stjórnunarstörfum skólastjóra. Falið sveitarstjórn.
- c) Vinna þarf að skipuriti fyrir skólann og sveitarfélagið þannig að ferli ákvarðanatöku sé skýrt. Falið sveitarstjórn og fræðslunefnd.
- d) Talið nauðsynlegt að ráða húsverð sem hefur heildarumsjón yfir öllum skólamannvirkjunum og skilgreina verksvið hans. Falið sveitarstjórn.
- e) Skólalóðin býður upp á mjög takmarkaða möguleika til leikja í frímínútum Teljum nauðsynlegt að gera ýmsar útbætur á skólalóð sem fyrst, t.d. setja mýkra slitlag á skólavöllinn, setja mörk á völinn, setja upp leiktæki, gera bílastæði og bæta aðgengi fatlaðra. Falið fræðslunefnd og sveitarstjórn.
- f) Skólanámskrá verður að vera aðgengileg á netinu og því er brýnt að fá aðila sem getur haldið úti vefsíðu skólans. Falið skólastjóra og kennurum.
- g) Nauðsynlegt að láta velja nemendaráð veturinn 2005-2006. Falið skólastjóra og kennurum.
- h) Aðstaða til verklegrar heimilisfræðikennslu er mjög óhentug sérstaklega þegar hópastærð fer yfir sex nemendur. Þörf er á tveimur hrærivélum til

viðbótar og ýmsum áhöldum s.s. desilítramálum, vogum, pottum, skálum, föum o.fl. Þörf er á ákveðnu viðhaldi t.d. að flísaleggja milli skápanna þar sem ógerlegt er að þrifa það svæði. Skólastjóra falið að finna lausn á hópastærð í heimilisfræðikennslu (hugmynd. að skipta bekkjum í heimilisfræði vs. safnakennsla) svo og tækjakaupum. Einnig að koma beiðni um viðhald eldhúss á framfæri til þeirra sem fara með málefni eignasjóðs.

i) Brún þörf er komin á viðhald skólahúsnaðisins í heild sinni, til dæmis að mála að utan sem innan. Skólastjóra falið að koma því áfram til þeirra sem fara með málefni eignasjóðs.